

Samþykkt um verklagsreglur fyrir fagráð Austurbrúar ses.

Um skipan fagráðs

Fagráð Austurbrúar ses. skal kosið á fundi hagsmunaaðila og annarra stofnaðila en sveitarfélaga. Í fagráði sitja fimm manns. Kosning þeirra fer þannig fram: Formaður skal kosinn fyrst og síðan varaformaður. Að því loknu skulu kosnir þrír meðstjórnendur og ræður atkvæðamagn röð þeirra til varamannssetu í stjórn Austurbrúar ses. Starfsmenn. Austurbrúar ses. geta ekki setið í fagráði.

Afl atkvæða ræður málum á fundum ráðsins.

Fagráð skal endurspegla þá málaflokka sem Austurbrú ses. vinnur að og koma meðalannars fram í 3. gr. skipulagsskrárinnar.

Um verksvið fagráðs

Fagráð stuðlar að því að í Austurbrú verði öflugur samstarfsvettvangur atvinnulífs, menningar, menntunar og stjórnsýslu. Hlutverk fagráðs er að vera stjórn til ráðgjafar við mótun verkefna og þróun á starfsemi stofnunarinnar. Tillögur fagráðs skulu koma til umfjöllunar stjórnar Austurbrúar ses. Stjórn Austurbrúar ses. getur jafnframt vísað málum til fagráðs.

Um fundi fagráðs

Fagráð skal funda að minnsta kosti tvisvar á ári og halda fundargerðir sem síðan eru lagðar fram í stjórn til kynningar. Stjórn og fagráð skulu funda saman að minnsta kosti einu sinni á ári. Framkvæmdastjóri boðar fundi fagráðs í samráði við formann fagráðs. Framkvæmdastjóri situr fundi fagráðs nema ráðið ákveði annað. Heimilt er að boða fagráð til fundar með rafrænum hætti og skal það gert með minnst 2 sólarhringa fyrirvara í samræmi við fundaáætlun. Sameiginlega fundi fagráðs og stjórnar Austurbrúar boðar framkvæmdastjóri í samráði við formann stjórnar Austurbrúar. Formaður stjórnar Austurbrúar stýrir sameinlegum fundum stjórnar og fagráðs.

Um kostnað við starfsemi fagráðs

Greitt er fyrir setu í fagráði í samræmi við ákvörðun ársfundar Austurbrúar ses. Ferðakostnaður er greiddur í samræmi við verklagsreglur Austurbrúar.

Breytingar á starfsreglum fagráðs

Breytingar á verklagsreglum þessum skulu gerðar með samþykki meirihluta stjórnar og að fenginni umsögn starfsháttanefndar Austurbrúar ses.

